

Alþingi  
Erindi nr. P 127/880  
komudagur 25.2.2002

**EYÞING** – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang [eything@est.is](mailto:eything@est.is)


Akureyri 22. febrúar 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis frumvarp til laga um geislavarnir, 344. mál, heildarlög.

Stjórn Eyþings tekur ekki afstöðu til frumvarpsins.

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Jónsson  
framkv.stjóri

Reykjavík 20. febrúar 2002



FÉLAG GEISLAFRÆÐINGA

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Félag geislafræðinga fagnar skýrari lagaramma um geislavarnir, og samræmingu íslenskra laga við reglugerðir Evrópusambandsins. Löggin eins og þau koma fyrir í frumvarpinu munu stuðla enn frekar að skynsamlegri og öruggri notkun jónandi geislunar í þjóðfélaginu, til hagsbóta fyrir alla.

Þar sem löggin hafa í för með sér nokkra breytingu á skipan mála er varða geislavarnir vill FG koma eftirfarandi á framfæri.

Eðlilegt hlýtur að teljast að FG eigi fulltrúa í geislavarnaráði, enda er FG stærsta fagfélag þeirra sem starfa við jónandi geislun á Íslandi. Geislafræðingar eru og eina starfsstéttin sem hefur formlega menntun á sviði geislavarna.

Í framhaldi af lagasetningunni þarf að setja margar reglugerðir sem flestar munu á einn eða annan hátt snerta starfssvið og starfsumhverfi geislafræðinga. Það er mikilvægt að haft sé samráð við FG í þeirri vinnu, auk þess sem fagþekking geislafræðinga ætti að koma þar að góðum notum. Þessar reglugerðir verða væntanlega byggðar á reglugerðum Evrópusambandsins og má í því samhengi benda á að FG hefur nú um nokkurt skeið tekið virkan þátt í alþjóðasamstarfi geislafræðinga og er því vel kunnugt þeim reglugerðum Evrópusambandsins sem snúa að geislavörnum og útfærslu þeirra í ýmsum löndum Evrópu.

Efnislega gerir FG ekki athugasemdir við texta frumvarpsins. Vert er þó að nefna hvort ekki samræmist betur íslenskri málvenju að segja að tæki “gefi frá sér” eða “myndi” ójónandi geislun, í stað “nýti” ójónandi geislun (í greinum 7 og 9), en af samhenginu má ráða að við það sé átt. Í 3. grein mættu skilgreiningar á jónandi og ójónandi geislun vera skýrari. FG leyfir sér að stinga upp á eftirfarandi:

*Jónandi geislun:* rafsegulgeislun sem hefur næga orku og smýgni til þess að valda skemmdum í líkamsvef með jónun atóma í vefnum. Dæmi: röntgengeislun og gammageislun frá geislavirkum efnum.

*Ójónandi geislun:* orkuminni rafsegulgeislun, sem hefur minni áhrif á vefi líkamans en jónandi geislun. Dæmi: útfjólublá geislun og örbylgjur.

Virðingarfyllt  
Fyrir hönd Félags Geislafræðinga

*Jónína Guðjónsdóttir*  
Jónína Guðjónsdóttir, formaður

- Suðurhlíð 35
- 105 Reykjavík
- sími: 588 7820

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/773*  
*komudagur 19.2.2002*

Heilbrigðis og trygginganefnd.

Varðandi frumvarp til laga um geislavarnir, 344. mál heildarlög.

Ég geri hér fyrir hönd Félags Íslenskra Röntgenlækna athugasemd varðandi 15. gr. frumvarpsins hvað varðar ábyrgðarmann.

Í greininni segir að ábyrgðarmaður skuli meta hvort notkun geislunar sé réttlæt看leg við sérhverja læknisfræðilega geislun osfv. Á hverri röntgendeild er einn ábyrgðarmaður. Á þeirri stærstu hér á landi framkvæmda tugir starfsmanna um 75 þúsund rannsóknir sem flestar falla undir lög þessi. Það gefur því augaleið að ábyrgðarmaður getur ekki metið hvort sérhver læknisfræðileg geislun sé réttlæt看leg né sinnt persónulega öðrum atriðum í grein þessari sem fjalla um eins og það er orðað sérhverja læknisfræðilega notkun geislunar. Yfirlæknir viðkomandi deildar er að jafnaði ábyrgðarmaður. Þessu eftirlitshlutverki ábyrgðarmanns hlýtur hann því að framvísa til starfsmanna sinna þótt formleg ábyrgð sé hans. Ég tel að ekki sé unnt að skilja lagadrögin í núverandi mynd á þennan hátt en það má vera að nægilegt sé að þessi skilningur komi skýrt fram í athugasemdum með einstökum greinum frumvarpsins.

Með virðingu

Pétur H Hannesson, formaður  
Félags Íslenskra Röntgenlækna.

# SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



SAMTÖK MILLIRÍKJA-  
VERSLUNAR, HEILD-  
SÖLU- OG SMÁSÖLU-  
DREIFINGAR

Alþingi  
Nefndasvið  
Alþingishúsinu v/Austurvöll  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. **P 127/829**  
komudagur **21. 2. 2009**  
**7/829**

Reykjavík, 20.02.2002

Tilv. 22.103

GÁS/gás

Visað er til erindis hæstvirtrar Heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 7. þ.m., þar sem óskað er umsagnar Samtaka verslunarinnar um frumvarp til laga um geislavarnir, mál nr. 344.

Samtökin leyfa sér að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Mjög æskilegt er að svipaðar reglur gildi um innflutning tækja hingað til lands. Með þessu frumvarpi er lagt til að allt aðrar reglur gildi um geislandi tæki. Má sem dæmi nefna að CE-merkingar virðast ekki teknar til greina en það eru almennt taldir gæðastaðlar á tækjum, enda sérstakar reglur sem gilda um tæki sem þannig eru merkt.

Að því er varðar þá breytingu að ef frumvarpið verður að lögum að nægilegt sé að tilkynna um innflutning geislandi tækja í stað sérstaks innflutningsleyfis áður er það framför sem samtökin geta vel stutt.

2. Samkvæmt frumvarpinu er mjög opið til hvaða tækja lögin skulu ná til, er t.d. í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins fjallað um geislun í fjarskiptum og afþreyingu. Þar sem óljóst er hvað hér er átt við er mjög áriðandi að skilgreina vel hvað fellur undir lögin. Þykir þetta nauðsynlegt í ljósi þess sem fjallað er um hér á eftir um óskilgreint eftirlit.

3. Sú tillaga sem fram kemur í frumvarpinu að lög um geislavarnir taki einnig til ójónandi geislunar hefur í för með sér mjög mikla útvíkkun á ákvæðum núgildandi laga. Mun það leiða til mun til þess að fleiri atriði falla undir lögin en nú er og leiða til mun meiri kostnaðar fyrir fyrirtæki. Sem dæmi um tæki sem þarna munu falla undir, en eru ekki háð eftirliti í dag eru: útfjólubláar perur, sólarbökkir fyrir húðsjúkdóma, hitakassar fyrir fyrirbura, lasertæki og segulómunartæki. Vegna ónákvæmra skilgreininga má einnig gera ráð fyrir að töluverð skörun verði við lög um lækningatæki og mun það hafa í för með sér réttaróvissu á þessu sviði.

4. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir mjög umfangsmiklu eftirliti af hálfu Geislavarna ríkisins. Er tekið undir að nauðsynlegt er að virkt eftirlit sé viðhaft á þessu sviði þar sem það á við. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir sjálfstöku stofnunarinnar á þessu sviði enda er eftirlitið nánast óskilgreint. Það að stofnuninni sé veittar ríkar, óskilgreindar heimildir til eftirlits og innheimtu eftirlitsgjalda í samræmi við það eftirlit sem viðhaft er getur haft í för með sér of




mikið eftirlit af hálfu stofnunarinnar og er varað við því.

5. Vegna þessa frumvarps og reynslu undanfarinna ára af útboðsstefnu ríkisins t.d. vegna kaupa á lækningatækjum þykir ástæða til að benda á nauðsyn þess að tengsl kaupanda og seljanda tækja sem falla undir gildissvið frumvarpsins verði tryggð. Skilgreina þarf ábyrgð og skyldur kaupanda og seljenda tækja sérstaklega í ljósi viðhald og ennfremur og ekki síður ábyrgð gagnvart neytendum t.d. að notandi fá þá meðferð/virkni sem tæki á að veita.

Að lokum áskilja samtökin sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig jafnframt reiðubúin til að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt



Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.



Alþingi  
Erindi nr. P 127/831  
komudagur 21. 2. 2002

GEISLAVARNIR RÍKISINS

ICELANDIC RADIATION PROTECTION INSTITUTE

Alþingi  
Heilbrigðis- og trygginganefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2002  
Tilvísun: 2002020001

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um geislavarnir**

Vísað er til erindis heilbrigðis- og trygginganefndar frá 7. þessa mánaðar þar sem óskað er umsagnar Geislavarna ríkisins um fyrrgreint frumvarp.

Frumvarpið er samið í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu í samvinnu við Geislavarnir ríkisins. Haft var samráð við landlæknisembættið og félög röntgenlækna og röntgentækna hvað varðar ákvæði um geislavarnir við læknisfræðilega geislun. Markmið með endurskoðun laga nr. 117/198 um geislavarnir er fyrst og fremst aðlögun íslenskrar löggjafar og framkvæmd hennar að tilskipunum Evrópusambandsins um geislavarnir og framkvæmd þeirra auk þess að taka mið af breyttum áherslum í geislavörnum.

Geislavarnir ríkisins lýsa ánægju með frumvarpið og leggja áherslu á mikilvægi þess að það verði að lögum nú á vörþingi.

Virðingarfyllt  
f.h. Geislavarna ríkisins

Sigurður M. Magnússon  
Forstöðumaður



Alþingi  
Erindi nr. Þ 127/924  
komudagur 27.2.2002

## Hollustuvernd ríkisins

ENVIRONMENTAL AND FOOD AGENCY  
OF ICELAND

Heilbrigðis og trygginganefnd  
Nefndarsviði Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 26 febrúar 2002  
HJ 0202 005/110-0  
HVR020020118


### Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um geislavarnir. Mál 344.

Við er í erindi sjávarútvegsnefndar Alþingis dagsett 7. febrúar s.l. þar sem nefndin óskar umsagnar Hollustuverndar ríkisins um frumvarp til laga um geislavarnir. Stofnunin hefur kynnt sér frumvarpið og hefur nokkrar almennar athugasemdir en gerir ekki athugasemdir við einstaka greinar.

Samkvæmt frumvarpinu þá eiga löggin að gilda um vöktun og rannsóknir vegna geislavirkra efna í umhverfi og matvælum, sbr 4. tl í 2. gr. og er Geislavörnum ríkisins falið að annast þetta eins og fram kemur í 6. tölulið 5. gr. frumvarpsins. Hollustuvernd ríkisins telur mikilvægt að ~~með~~ geislavirkni í matvælum og umhverfi sé vöktuð, og stoðrannsóknir þeim samfara fari fram eftir því sem tilefni er til. Stofnunin bendir hins vegar á að þessi atriði eru hvergi útfærð í frumvarpinu né skýrt hvernig yfirvöld umhverfis- og matvælamála eiga að koma þessum málum. Ekki verður heldur séð að sá kostnaður sem vöktun umhverfis eða matvæla hefur í för með sér sé tekinn inn í kostnaðarmat frumvarpsins, nema það sé þegar hluti af fjárveitingum til Geislavarnir ríkisins. Hollustuvernd ríkisins bendir ennfremur á að ekki er frekar útfært í frumvarpinu hvernig staðið skuli að viðbrögðum og viðbúnaði við geisla- og kjarnorkuvá eða að fræðslu og þjálfun þeirra aðila sem koma að viðbrögðum. Hollustuvernd ríkisins bendir á að leið að þessu marki væri að lögbjóða þeim stofnunum sem eiga að koma að málum að hafa samráð líkt og gert er í lögum 32/86 eða að jafnvel ganga enn lengra og skylda stofnanir þessar að gera með sér verklagsreglur um framkvæmd viðbragða.

Virðingarfyllt,

  
Davíð Egilsson  
Forstjóri

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður mengunarvarnarsviðs

Office address:

Ármúla 1a  
108 Reykjavík

Postal address:

P.O. Box: 8080  
IS-128 Reykjavík

Telephone:

+ 354-585 1000

Telefax:

+ 354-585 1010

Internet:

www.hollver.is

Kennitala:

490882-0149



Alþingi  
Erindi nr. P 127/1018  
komudagur 8.3.2002

**Krabbameinsfélagið**

Frú Guðrún Agnarsdóttir, forstjóri  
Krabbameinsfélagi Íslands  
Skógarhlíð 8  
105 Reykjavík

Reykjavík, 04.03.2002

**Varðandi: Frumvarp til laga um geislavarnir**

Við höfum fengið þetta frumvarp til umsagnar. Sigurður Magnússon, forstöðumaður Geislavarna ríkisins, kynnti allar breytingar í frumvarpinu mjög vandlega á fjölmönnum fundi röntgenlækna í Röntgenlæknafélagi Íslands nýverið. Við höfum ekki athugasemdir við frumvarpið umfram það sem fram kom á þeim fundi.

Með bestu kveðju,

*Anna Björg Halldórsdóttir*

Anna Björg Halldórsdóttir, læknir  
Röntgendeild K.Í.

*F. h. Baldur Sigfússon*  
*Anna Björg Halldórsdóttir*

Baldur F. Sigfússon, yfirlæknir  
Röntgendeild K.Í.





LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS  
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi  
Erindi nr. P 127/842  
komudagur 22.2.2002

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis  
b.t. Nefndasviðs Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Kópavogi 20. febrúar 2002  
37/199

**Umsögn Læknafélags Íslands um frumvarp til laga um geislavarnir 344. mál. heildarlög.**

Læknafélag Íslands gerir ekki athugasemdir við framkomið frumvarp.

Virðingarfyllst  
f.h. Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson  
formaður



# LÖGGILDINGARSTOFA

Rafmagnsöryggi • Faggilding • Markaðsgæsla • Mælifræði • Lög mælifræði

Alþingi  
Erindi nr. P 127/818  
komudagur 20.2.2002

A Governmental Agency for:  
Electrical Safety  
Accreditation  
Market Surveillance  
Metrology  
Legal Metrology

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

TILV. YÐAR  
Your ref.

BRÉF YÐAR DAGS.  
Your letter dated

7. febrúar 2002

TILV. VOR  
Our ref.

50.11

DAGS.  
Date

19. febrúar 2002

Vísað er til bréfs yðar, dags. 7. febrúar sl., varðandi umsögn Löggildingarstofu um frumvarp til laga um geislavarnir, 344. mál.

Löggildingarstofa fagnar því að þetta málefni sé komið til umfjöllunar á Alþingi. Stofnunin telur að í þessu frumvarpi sé mjög faglega tekið á öllum þáttum varðandi geislavarnir og myndi þannig góða umgjörð um málaflokkinn.

Löggildingarstofa annast faggildinguna rannsóknarstofa og annarra aðila, sbr. lög nr. 100/1992, og tekur því heilshugar undir ákvæði 3. mgr. 5. gr. þar sem Geislavörnum ríkisins er gert að öðlast faggildinguna vegna tiltekinna þátta rannsókna og eftirlits. Er þetta ekki síst mikilvægt vegna þess að mælingar og rannsóknir gerðar af faggiltri rannsóknastofu eru alþjóðlega viðurkenndar.


Löggildingarstofa vill einnig taka undir sjónarmið 4. mgr. 5. gr. þar sem Geislavörnum ríkisins er heimilt að semja um ákveðna þætti framkvæmdar á eftirliti við faglega hæfa aðila. Slíku fyrirkomulagi hefur Löggildingarstofa beitt í áráraðir með mjög góðum árangri.

Virðingarfyllst,



Ársæll Þorsteinsson, aðstoðarforstjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 127/828  
komudagur 21. 2. 2002



Alþingi  
Heilbrigðis- og trygginganefnd  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd  
Data Protection Authority

Rauðvíkströg 10 105 Reykjavík Iceland  
tel.: 354 510 9600 fax: 354 510 9606  
e-mail: postur@personuvernd.is  
web page: personuvernd.is

Reykjavík, 19. febrúar 2002  
Tilvísun: 2002020078 SJ/--

Vísað er til bréfs heilbr. og trygginganefndar Alþingis, dags. 7. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um geislavarnir, 344. mál, þskj. 460.


Í 5. gr. frumvarpsins er m.a. lagt til að Geislavarnir ríkisins annist eftirlit með geislaálagi starfsmanna og *haldi skrá* yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits með geislun fyrir einstaka starfsmenn. Í 14. er gert ráð fyrir að vinnslan verði bundin eftirfarandi skilmálum:

1) Niðurstöður skulu varðveittar allan þann tíma sem starfsmaður verður fyrir jónandi geislun við störf sín og allt þar til hann verður 75 ára, eða hefði orðið 75 ára, en undir engum kringumstæðum skemur en 30 ár eftir að viðkomandi hættir starfi sem veldur því að hann verður fyrir jónandi geislun. Niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits skulu vera aðgengilegar starfsmanni, vinnuveitanda hans og trúnaðarlækni svo og heilbrigðisyfirvöldum samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.


2) Um vinnsluna skal að öðru leyti fara samkvæmt lögum um persónuvernd.

Skilningur Persónuverndar á þessu ákvæði er sá að hún geti, umfram það er greinir í 1. tl., sett skilmála um vinnsluna og mælt, eftir því sem þurfa þykir, fyrir um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslunnar þannig að hún verði í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd, þ. á m. um hvernig uppfylla skuli ákvæði 20. og 21. gr. laga nr. 77/2000. Sé sá skilningur réttur gerir Persónuvernd fyrir sitt leyti engar athugasemdir, en tekur fram að hún hefur einungis skoðað frumvarpið í ljósi sjónarmiða um friðhelgi einkalífs og öryggi vinnslu persónuupplýsinga.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Jóhannesdóttir

Alþingi  
Erindi nr. P 127/99,  
komudagur S.S. 2002



SAMBAND SVEITARFÉLAGA  
Á SUÐURNESJUM  
FITJUM - 260 NJARÐVÍK  
SÍMI 421-3788 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279  
FAX: 421-3766

Suðurnesjum 1. mars 2002.

Nefndarsvið Alþingis  
Heilbrigðis- og trygginganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK.

**Varðar umsögn um frumvarp til laga um geislavarnir, 344. mál,  
heildarlög.**


Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 28. febrúar s.l.,  
var tekið fyrir erindi yðar dags. 7. febrúar 2002 ásamt frumvarpi til laga um  
geislavarnir, 344. mál, heildarlög.

Eftirfarandi var fært til bókar.

“Stjórn S.S.S. gerir ekki athugasemd við frumvarpið”.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Guðjón Guðmundsson framkv.stj.

Alþingi  
Erindi nr. P 127/834  
komudagur 127/834<sup>002</sup>



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndarsvið Alþingis  
Ágúst Geir Ágústsson  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

ÓM/ás

Rvk. 20.02.2002


**Málefni: Frumvarp til laga um geislavarnir, 344. mál**

Með vísan í bréf yðar dagsett 7. febrúar s.l. þar sem þér óskið umsagnar Samtaka atvinnulífsins um frumvarp til laga um geislavarnir, 344. mál, viljum við taka eftirfarandi fram.

Samtök atvinnulífsins hafa engan sérfræðing á sviði geislavarna á að skipa og geta því ekki gefið umsögn um framangreint frumvarp.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

  
Óskar Mariusson

Selfossi, 22. mars 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1475  
komudagur 25.3.2002

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 20. mars sl., voru eftirfarandi þeingmál frá Alþingi tekin til umsagnar:


Eftirfarandi umsagnir voru samþykktar:

- a. Frumvarp til laga um geislavarnir 344. mál.  
*Ekki eru gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.*
- b. Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á þorskeldi, 56. mál.  
*Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.*
- c. Tillaga til þingsályktunar um áfallahjálp innan sveitarfélaga, 141. mál.  
*Stjórn SASS tekur er undir meginhugmynd tillögunnar en telur eðlilegt að umsjón með skipulegri áfallahjálp verði falin heilsugæslustöðunum.*
- d. Frumvarp til laga um eldi nytjastofna, 333. mál.  
*Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.*
- e. Tillaga til þingsályktunar um samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál.  
*Stjórn SASS mælir með samþykkt tillögunnar.*
- f. Tillaga til þingsályktunar um flutning verkefna frá stjórnslustofnunum til sýslumannsembættu á landsbyggðinni, 488. mál.  
*Stjórn SASS mælir með samþykkt tillögunnar.*
- g. Tillaga til þingsályktunar um aukapening Alþingis um byggðamál, 24. mál.  
*Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.*
- h. Frumvarp til umferðarlaga, 140. mál, hægri beygja á móti rauðu ljósi.  
*Ekki er tekin afstaða til tillögunnar.*

- i. Frumvörp til laga um fjárreiður ríkisins, 26. mál, fjárukalög, og 28. mál fjárukalög 2001.  
*Ekki er tekin afstaða til frumvarpanna.*
- j. Tillögu til þingsályktunar um sjóðandi lághitasvæði, 192. mál.  
*Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.*
- k. Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 562. mál.  
*Ekki er tekin afstaða til frumvarpsins.*

Umsögnunum er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,  
f.h. SASS

  
Þorvarður Hjaltason  
framkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2001  
KSG/014/02

**Efni: Umsögn um frv. til laga um geislavarnir, 344. mál.**

Tryggingastofnun álitur að ofangreint frumvarp boði breytingar sem yfirleitt eru til mikilla bóta. Hinsvegar er ástæða til að vekja athygli á því að ákvæði 15. greinar frumvarpsins mun valda miklum kostnaðarauka, einkum hjá sjúkratryggingum almennatrygginga, sem gera verður ráð fyrir verði frumvarpið samþykkt óbreytt.

Í texta 15. greinar segir m.a.: "Við læknisfræðilega geislun skal ábyrgðarmaður tryggja að geislun sé eins lítil og unnt er með skynsamlegu tilliti til tilgangs geislunarinnar, tækja og búnaður og sem fyrir hendi eru svo og annarra þátta sem áhrif hafa."

Skynsamlegra er að orða greinina á þann hátt að ábyrgðarmaður meti við hverja læknisfræðilega geislun hvort geislunin sé réttlætunleg.

Verði greinin óbreytt er ábyrgðarmanni gert að fara vandlega yfir hverja myndgreiningarbeiðni. Ef ábyrgðarmaður telur aðra greiningaraðferð betri, þá verður hann að hringja í viðkomandi lækni. Ef ekki næst í lækinn verður að senda sjúklinginn heim. Sjúklingi síðan gert að koma eftir 2 -3 vikur. Vinnutap sjúklings í Reykjavík og nágrenni er a.m.k. 4 klukkustundir. Utan þess svæðis er vinnutap margfalt meira.

Fram hefur komið í samninganefnd htr. að smám saman muni áðurgreind vinnubrögð verða til þess að allar rannsóknir verði gerðar með MRI tækni sem er margfalt dýrari en röntgen. Líklega verði röntgenmyndir framvegis aðeins teknar af lungum.

Í stuttu máli má segja að áðurgreint ákvæði í frumvarpinu verði samfélaginu efnahagslega afar kostnaðarsamt. Nefna má fleiri dæmi en hér að ofan.

Virðingarfyllst,

Karl Steinar Guðnason  
forstjóri



Heilbrigðis- og trygginganefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2002

### Umsögn um Geislavarnalög

Við námsbraut í geislafræði við Tækniskóla Íslands, fer fram menntun geislafræðinga (áður röntgentækna), sem er 4 ára háskólanám sem lýkur með B.Sc gráðu. Geislafræðingar eru að öllum líkindum eina fagstéttin hérlendis sem bæði fær ítarlega fræðilega menntun og verklega þjálfun í geislavörnum vegna notkunar jónandi geislunar í læknisfræði. Kenndir eru sérstakir áfangar á 2. og 6. önn námsins um geislavarnir, ásamt því eru geislavarnir sjúklinga, starfsmanna og almennings samofin mörgum öðrum áföngum námsins bæði bóklegum og verklegum. Námsbrautin hefur í gegnum tíðina átt mjög gott og náið samstarf við Geislavarnir Ríkisins vegna skipulags og kennslu í geislavörnum. Þess er vænst að ný lög styrki það samstarf.

Ný löggjöf um geislavarnir, þar sem markmiðið er að aðlaga íslenska löggjöf um geislavarnir að löggjöf í Evrópusambandinu, er fagnaðarefni og löngu tímabær. Umrædd löggjöf um geislavarnir er rammalöggjöf og augljóst að mikið starf er framundan við undirbúning og setningu þeirra reglugerða sem kveðið er á um í frumvarpinu. Hefur námsbraut í geislafræði mikinn áhuga á að fylgjast með því starfi þegar að því kemur.

Efnislegar athugasemdir: í 3ju grein er fjallað um skilgreiningar á hugtökum og má bæta skilgreiningar á jónandi og ójónandi geislun. Mikilvægt er að skilgreiningar í lagatexta séu skýrar og hnitmiðaðar, þar sem þær verða hafðar til viðmiðunar við kennslu og nám.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,

---

Erna Guðrún Agnarsdóttir

forstöðumaður við námsbraut í Geislafræði

Nefndarsvið Alþingis  
Heilbrigðis- og tryggingarnefnd Alþingis  
Ágúst Geir Ágústsson nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Dags. / Date:  
21.02.02

Tilvísun / Reference:  
02.0092  
000.21

**Efni: Frumvarp til laga um geislavarnir, 344. mál, heildarlög.**

Vísað er til erindis Heilbrigðis- og tryggingarnefndar Alþingis dagsett 7. febrúar 2002 þar sem frumvarp til laga um geislavarnir er sent Vinnueftirliti ríkisins til umsagnar.

Samkvæmt a) lið 1. mgr. 38. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum setur stjórn Vinnueftirlits ríkisins nánari reglur um, hvaða kröfur skulu uppfyltar varðandi skipulag og framkvæmd vinnu, svo sem "um öryggis- og heilbrigðisráðstafanir er varða störf, starfsaðferðir, vinnslu og framleiðsluaðferðir, t.d. til þess að koma í veg fyrir hrún, fall, skrið, titring, hávaða, sprengi- og brunahættu eða heilsuvá vegna *geislunar*, eitraðra eða hættulefra efna, gastegunda, gufu, reyks eða annarrar loftmengunar, hita, kulda" o.s.frv.

Með orðinu "geislun" er þarna átt við "ójónandi geislun" en að sjálfsögðu ekki "jónandi geislun". Vinnueftirlitið hefur staðið fyrir mælingum á ójónandi geislun á vinnustöðum og framkvæmt mælingar í flugvélum Flugleiða vegna óska þar um þó eftirlit með flugförum falli ekki undir verksvið Vinnueftirlitsins. Þá hefur Vinnueftirlitið verið umsagnaraðili vegna fyrirhugaðra reglna EB á þessu svið enda verið gert ráð fyrir að þær yrðu staðfestar hér á landi með stoð í lögnum nr. 46/1980. Beðið hefur verið eftir af stjórn Vinnueftirlitsins að setja reglur um ójónandi geislun vegna fyrirhugaðra Evrópureglna þar um.

Í áður nefndu frumvarpi til laga um geislavarnir er geislun skilgreind sem jónandi og ójónandi geislun. Frumvarpið fjallar síðan svo til eingöngu um jónandi geislun. Ójónandi geislun kemur væntanlega fyrir á svo til öllum vinnustöðum en sem betur fer væntanlega í flestum tilvikum án þess að skapa hættu á heilsuvá miðað við þá þekkingu sem fyrir hendi er í dag. Vinnueftirlit ríkisins er með eftirlit með vinnustöðum er varða m.a. þau atriði sem fjallað er um í 38. gr. laganna nr. 46/1980 og er því eðlilegt að eftirlit með ójónandi geislun falli áfram undir verksvið þess í stað þess að byggja upp nýtt eftirlitskerfi eða útvíkka eftirlitskerfi Geislavarna ríkisins sem hefur verið með eftirlit með jónandi geislun sem er miklu afmarkaðra og nær til tiltölulegra fárra vinnustaða.

Bent skal á varðandi 12. gr. frumvarpsins varðandi ákvæði um flutninga að í gildi er reglugerð nr. 984/2000 um flutning á hættulegum farmi á vegum og utan vega þar sem m.a. er fjallað um flutninga á geislavirkum efnum og samsvarandi reglur eru í gildi um flutninga á sjó, í lofti, á vatnaleiðum og með járnbrautum.

Bent skal á að nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi. Við lögin bætist ný grein, 13. gr. A, sem felur m.a. í sér þau nýmæli að atvinnurekanda verður skylt að gera skriflegt mat um áhættu í störfum og áætlun um forvarnir sem og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd

starfsmanna á vinnustað; byggja breytingar þessar á EB-tilskipun 391/89. Skulu áhættumatið og áætlun um forvarnir taka til allra þátta í vinnuumhverfinu sem geta skapað hættu fyrir öryggi og heilsu starfsmanna, þ.m.t. *geislunar*. Í frumvarpinu segir jafnframt að ef áhættumat, áætlun um forvarnir eða ráðstafanir vegna öryggis og heilsuverndar á vinnustað krefjist færni sem atvinnurekandi eða starfsmenn hans hafi ekki yfir að ráða skuli atvinnurekandi leita aðstoðar til þess hæfra aðila þjónustuaðila.

Vinnueftirlitið telur nauðsynlegt að í frumvarpi til laga um geislavarnir komi fram skylda atvinnurekenda til að gera áhættumat, áætlun um forvarnir og ráðstafanir um öryggi og heilsuvernd á vinnustað sbr. fyrirhugaðar lagabreytingar við lög 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í II. kafla laga nr. 46/1980 um öryggis- og heilbrigðisstarfsemi fyrirtækja er fjallað um þátttöku starfsmanna í vinnuverndarstarfi fyrirtækja. Þar segir að í sérhverju fyrirtæki þar sem starfa 10 eða fleiri skuli atvinnurekandi tilnefna einn aðila af sinni hálfu *öryggisvörð* og starfsmenn kjósa annan úr sínum hópi *öryggistrúnaðarmann*. Ef starfsmenn eru 50 eða fleiri skal stofna svokallaða *öryggisnefnd*. Þessir aðilar skulu í samvinnu fylgjast með því að aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað séu í samræmi við áður nefnd lög, sem felur m.a. í sér að þessir aðilar eiga bæði að koma að skipulagningu aðgerða og eftirliti með að ráðstafanir komi að tilætluðum notum.


Vinnueftirlitið telur mikilvægt að í frumvarpi til laga um geislavarnir séu ákvæði um öryggis- og heilbrigðisstarfsemi innan fyrirtækja með vísan í II. Kafla um laga nr. 46/1980, þ.e. að til staðar séu ákvæði um tilnefningu öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna og hlutverk þeirra skýrt.

Reyndar teljum við að EES samningurinn, en rammatilskipun um vinnuvernd nr. 391/89 fellur undir hann, feli í sér skuldbindingu um að setja í lög um geislavarnir ákvæði um skyldur vinnuveitenda til að gera áhættumat og skipuleggja forvarnir og eins um skyldu til að hafa samráð við fulltrúa starfsmanna.

Virðingarfyllst



Eyjólfur Sæmundsson  
forstjóri



f.h. Víðis Kristjánssonar  
deildarstjóra